



Forsætisráðuneyti
Stjórnarráðshúsinu við Lækjartorg
101 Reykjavík

Reykjavík, 25. maí 2020

Efni: Umsögn Samskiptamiðstöðvar heyrnarusra og heyrnarskertra um drög að stjórnarskrárákvæði um íslenska tungu, mál nr. 98/2020.

Samskiptamiðstöð heyrnarusra og heyrnarskertra er málstöð íslensks táknmáls og starfar í þágu táknmálsamfélagsins á Íslandi. Samskiptamiðstöð fagnar því að íslenskt táknmál hljóti sess í stjórnarskrá lýðveldisins Íslands og sé þannig enn frekar viðurkennt sem hefðbundið minnihlutamál á Íslandi.

Þörfin fyrir tungumál er manneskjunni brýn og gildir einu um hvaða tungumál ræðir. Íslenskt táknmál er sannarlega brýnt fyrir þá sem reiða sig á það til tjáningar og samskipta. Samkvæmt lögum nr. 61/2011 um stöðu íslenskrar tungu og íslensks táknmáls eru þessi tvö mál, íslenska og íslenskt táknmál, jafnréttá mál og óheimilt er að mismuna mönnum eftir því hvort málið þeir nota. Það er því athugasvert að bæði lög nr. 61/2011 og frumvarp til stjórnarskipunarlagu um breytingu á stjórnarskrá lýðveldisins Íslands, nr. 33/1944, með síðari breytingum (íslensk tunga) geri greinarmun á *þörfinni* fyrir annað málið, en ekki hitt.

Sögnin *þurfa* í 2. mgr. 1. gr. frumvarpsins ber merki þess að íslenskt táknmál sé neyðarúrræði þeirra sem ekki geti notað íslensku til tjáningar og samskipta vegna heyrnarskerðingar. Í greinargerðinni sem fylgir frumvarpinu er einnig eingöngu lögð áhersla á rétt heyrnarusra, heyrnarskertra og daufblindra Íslendinga til þess að nota móðurmál sitt.

Táknmálssamfélagið á Íslandi samanstendur af tæplega 2000 einstaklingum sem líta á íslenskt táknmál sem sitt fyrsta mál eða annað mál. Mikilvægt er að huga að því að ekki eingöngu heyrnarusrir, heyrnarskertir og daufblindir (fólk með samþætta sjón- og heyrnarskerðingu) Íslendingar líta á íslenskt táknmál sem sitt tungumál. Íslenskt táknmál er móðurmál barna þeirra einstaklinga sem reiða sig á íslenskt táknmál til tjáningar og samskipta, hvort sem börnin eru með heyrnarskerðingu eða ekki. Íslenskt táknmál verður einnig mál foreldra barna sem fæðast með heyrnarskerðingu sem og annarra í fjölskyldu barnsins, s.s.

systkina, amma, afa, frænkna og frænda. Táknómástalandi fólk af erlendum uppruna sem flytur til landsins tengist táknómálsamfélaginu á Íslandi fljótt sterkum menningarlegum og félagslegum böndum og börn þeirra öðlast íslenskt táknómál sem sitt fyrsta eða annað mál. Þá tala vinir og samstarfsfélagar táknómástalandi fólks einnig íslenskt táknómál.

Sögnin að *þurfa* gefur færni á þeirri túlkun að aðgangsmiða þurfi til að öðlast þann rétt að fá að nota íslenskt táknómál til tjáningar og samskipta. Eins og staðan er í dag er sá aðgangsmiði í höndum heilbrigðiskerfisins, í höndum fólks sem talar ekki íslenskt táknómál og hefur því ekki fullan skilning á menningarlegu mikilvægi þess fyrir táknómálsamfélagið. Þeir einir fá aðgangsmiða sem sýna fram á að þeir geti ekki nýtt sér íslensku til tjáningar og samskipta og *þurfi* því að nýta sér það „neyðarúrræði“ sem löggin veita, að nota íslenskt táknómál. Þessum aðgangsmiða þarf síðan að framvísa í hvert skipti sem *þörfin* gerir vart við sig, s.s. við upphaf skólagöngu. Þeir sem hafa hann ekki hafa ekki aðgang að sömu þjónustu og er því mismunandi á grundvelli tungumáls. Þessi staða gerir málin sannarlega ekki jafnréttá, eins og lög nr. 61/2011 gera ráð fyrir, og dregur úr menningarlegu mikilvægi eina hefðbundna minnihlutamálsins á Íslandi fyrir samfélagið allt.

Fyrir hönd Samskiptamiðstöðvar heyrnarlausra og heyrnarskertra
Kristín Lena Þorvaldsdóttir, forstöðumaður